

# **STARFSÁÆTLUN**

## **SKÓLAÁRIÐ 2017 – 2018**



Efnisyfirlit		
Inngangur	4	
Grunnskóli Grindavíkur		5
Starfsmenn	6	
Skipurit skólaárið 2017-2018	8	
Nemendafjöldi	9	
Skóladagur	10	
Stundatöflur	10	
Viðmiðunarstundaskrá skólaárið 2017-2018	12	
Skóladagal 2017-2018	12	
Skólasel		13
Frístundaklúbburinn Elding	14	
Vinaliðar		14
Valgreinar		16
Nemendafélag	18	
Nemendaráð skólaárið 2017-2018	18	
Nemendafulltrúaráð	18	
Skólareglur	19	
Vettvangsferðir		26
Foreldrar	29	
Foreldrafélag Grunnskóla Grindavíkur		29
Forföll og leyfi nemenda		29
Samskiptadagar – foreldraviðtöl		30
Mötuneyti	30	
Stjórnir og ráð	31	
Fræðslunefnd	31	
Skólaráð		32
Starfsáætlun skólaráðs 2017-2018	32	
Nemendaverndarráð	33	
Helstu umbótaverkefni	34	
Byrjendalæsi	34	
Skólamenning	34	
Grænfáninn og útinám		35
Teymiskennsla	36	
Nýjar áherslur í námsmati	36	
Hér og nú		37

Nordens dage	37	
Náttúrufræði	38	
Stoðþjónusta	39	
Skólaskrifstofa Grindavíkur	39	
Skólahjúkrun	39	
Náms- og starfsráðgjafi		40
Eineltisteymi - eineltisáætlun	40	
Stuðningur við nemendur með sérþarfir	41	
Stuðningskennsla		41
Nýbúakennsla	42	
Art	42	
PMTO	42	
Áætlanir	43	
Símenntunaráætlun Grunnskóla Grindavíkur	43	
Viðbragðsáætlun fyrir Grunnskóla Grindavíkur		45
Kennsluáætlanir		45
Eineltisáætlun	45	
Innra mat		45

## INNGANGUR

Grunnskóli Grindavíkur er heildstæður skóli með nemendum frá 1. - 10. bekk. Í húsnæði við Suðurhóp 2 er 1. til 3. bekkur en í húsnæði við Ásabraut 2 er 4. til 10. bekkur. Skólinn er einsetinn og eru tvær til þrjár bekkjardeildir í hverjum árgangi. Íþrótt- og sundkennsla fer fram í íþróttamiðstöð og sundlaug bæjarins.

Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur er upplýsingarit um skólann. Ritið er gefið út árlega og í því koma fram helstu upplýsingar um skólann, skipulag og helstu verkefni skólaársins.

Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur fyrir skólaárið 2017-2018 er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Einkunnarorð skólans eru:

**VIRÐING – VELLÍÐAN - VIRKNI**

Leiðarljós skólans er:

Við í Grunnskóla Grindavíkur viljum:

- skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu
- að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á



## Grunnskóli

Grunnskóli Grindavíkur

Ásabraut 2/Suðurrhóp 2

240 Grindavík

Sími: 420-1200

Heimasíða: <http://www.grindavik.is/grunnskolinn>

Facebook síða: <https://www.facebook.com/grunnskoligrindavik/?fref=ts>

Skólastjóri er Guðbjörg Málfríður Sveinsdóttir, [gudbjorgms@grindavik.is](mailto:gudbjorgms@grindavik.is), s: 898-6842

Aðstoðarskólastjóri er Guðlaug Erlendsdóttir, [gudlauge@grindavik.is](mailto:gudlauge@grindavik.is), s: 845-5121

Skólastjóri er yfirmaður sérkennslumála.

Deildastjórar:

Yngsta stig: Ásdís Kjartansdóttir, [asdisk@grindavik.is](mailto:asdisk@grindavik.is)

Miðstig: Kristjana Jónsdóttir, [kristjana@grindavik.is](mailto:kristjana@grindavik.is)

Elsta stig: Petrína Baldursdóttir, [petrbald@grindavik.is](mailto:petrbald@grindavik.is)

Umsjónarmaður fasteigna við Ásabraut og Suðurrhóp er Daníel Júlíusson s: 660-7307

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 07:30-16:00 mánudaga – fimmtudaga og frá kl.07:30-15:00 á föstudögum.

Föst viðvera skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í starfsstöð við Suðurrhóp:

Guðbjörg skólastjóri **mánudaga kl. 12:00 – 16:00 og þriðjudaga kl. 8:00 – 13:00**

Guðlaug aðstoðarskólastjóri **föstudaga kl. 8:00 – 12:00**

Á **þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum** verður ritari með fasta viðveru í starfsstöð við Suðurrhóp í klukkustund í senn.

Guðmundur Hjálmarsson tölvumaður verður með fasta viðveru í vetur á báðum starfsstöðvum í vetur.

Suðurrhóp: **miðvikudagar** kl. 13:15 – 14:15

Ásabraut: **miðvikudagar** kl. 14:30-15:30




## Starfsmenn

Við skólann starfa alls 89 starfsmenn, kennarar og stjórnendur, námsráðgjafi, stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfari, starfsmenn við Skólasel og Eldingu, ritarar og umsjónarmaður fasteigna. Eftirtaldir starfsmenn starfa við Grunnskóla Grindavíkur:

Alda Bogadóttir	Stuðningsfulltrúi/skólaliði	alda@grindavik.is
Alexander Veigar Þórarinnsson	Leiðbeinandi/ umsjón 1.A	alexander@grindavik.is
Anna Lilja Jóhannsdóttir	Umsjónarkennari 2.AÁG	annalj@grindavik.is
Anna Þórunn Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari 6.A	annath@grindavik.is
Anný María Lárusdóttir	Stuðningsfulltrúi/skólaliði	anny@grindavik.is
Arna Guðmundsdóttir	Kennslufræðingur/umsjón 10.A	arnag@grindavik.is
Ágústa Jónsdóttir	Þroskaþjálfari	agustajo@grindavik.is
Ásdís Hafliðadóttir	Stuðningsfulltrúi/skólaliði	asdis@grindavik.is
Ásdís Kjartandsóttir	Deildarstjóri yngsta stigs	asdisk@grindavik.is
Ásrún Helga Kristinsdóttir	Umsjónarkennari 2.AÁG	asrun@grindavik.is
Ástríður Hákonardóttir	Starfsmaður Skólasel	astridur@grindavik.is
Birgitta Rán Friðriksdóttir	Stuðningsfulltrúi/skólaliði	birgittaran@grindavik.is
Bjarney St. Einarsdóttir	Stuðningsfulltrúi/skólaliði	bjarney@grindavik.is
Bryndís Hauksdóttir	Sérkennari	bryndis@grindavik.is
Danijela Jugovic	Stuðningsfulltrúi/skólaliði	danijela@grindavik.is
Daníel Rúnar Júlíusson	Umsjónarmaður fasteigna	danni@grindavik.is
Einar Jón Ólafsson	Framhaldsskólakennari	einaol@grindavik.is
Elín Björg Birgisdóttir	Grunnskólakennari	elin@grindavik.is
Ellert S. Magnússon	Umsjónarkennari 10.E	elli@grindavik.is
Erla Rut Jónsdóttir	Umsjónarkennari 4.E	erla@grindavik.is
Erna Rós Bragadóttir	Sérkennari	ernarb@grindavik.is
Garðar P. Vignisson	Sérkennari	gardvi@grindavik.is
Gerða Hammer	Suðningsfulltrúi	gerdahammer@grindavik.is
Gerður Marín Gísladóttir	Skólaritari	gerdurm@grindavik.is
Gerður Gunnlaugsdóttir	Suðningsfulltrúi	gerdurg@grindavik.is
Gréta Dögg Hjálmarsdóttir	Kennslufræðingur/umsjón 2.AÁG	greta@grindavik.is
Guðbjörg M. Sveinsdóttir	Skólastjóri	gudbjorgms@grindavik.is
Guðlaug Erlendsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	gudlaug@grindavik.is
Guðrún Bentína Frímannsdóttir	Íþróttakennari	gudrunf@grindavik.is
Guðrún Inga Bragadóttir	Námsráðgjafi	gudrun@grindavik.is
Halla Kristín Sveinsdóttir	Textílkennari	hallak@grindavik.is
Halldóra Halldórsdóttir	Grunnskólakennari	halldora@grindavik.is
Halldóra G. Sigtryggsdóttir	Grunnskólakennari	halldorag@grindavik.is
Harpa Pálsdóttir	Danskennari	harpapals@grindavik.is
Helga Eysteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi	helgaey@grindavik.is

Hildur Bender	Stuðningsfulltrúi	bender@grindavik.is
Hildur María Brynjólfssdóttir	Stuðningsfulltrúi	hildur@grindavik.is
Hinrik Guðbjartsson	Stuðningsfulltrúi	hinrik@grindavik.is
Hulda Kristín Smáradóttir	Stuðningsfulltrúi	huldas@grindavik.is
Hólmfríður Karlsdóttir	Stuðningsfulltrúi	holmfridurk@grindavik.is
Inga Björg Símonardóttir	Stuðningsfulltrúi	ingab@grindavik.is
Jasmina Gjurcevska	Stuðningsfulltrúi	jasmina@grindavik.is
Jóhann Árni Ólafsson	Frístundaleiðbeinandi	johannao@grindavik.is
Karitas Nína Viðarsdóttir	Leiðbeinandi	karitas@grindavik.is
Kristín María Birgisdóttir	Umsjónarkennari 8.KM	kristinmaria@grindvik.is
Kristín Eva Bjarnadóttir	Umsjónarkennari 9.K	kristinb@grindavik.is
Kristín Þórey Eypórsdóttir	Grunnskólakennari	krisey@grindvik.is
Kristín Gísladóttir	Grunnskólakennari	kristing@grindavik.is
Kristín Guðmundsdóttir	Skólaritari	kristin@grindavik.is
Kristjana Jónsdóttir	Deildarstjóri miðstigs	kristjana@grindavik.is
Magnea Ósk Böðvarsdóttir	Umsjónarkennari 3.M	magnea@grindavik.is
Marinó Axel Helgason	Stuðningsfulltrúi	marino@grindavik.is
María Eir Magnúsdóttir	Umsjónarkennari 3.M	maria@grindavik.is
María Jóhannesdóttir	Íþróttakennari	marijo@grindavik.is
Matthildur Þorvaldsdóttir	Umsjónarkennari 4.M	matthildur.th@grindavik.is
Milan Stefan Jankovic	Aðstoðarmaður húsv/stuðningsf.	milan@grindavik.is
Milos Jugovic	Stuðningsfulltrúi	milos@grindavik.is
Mira Sara Latinovic	Stuðningsfulltrúi	mira@grindavik.is
Nihad Hasecic	Stuðningsfulltrúi	nihad@grindavik.is
Ólöf Daðey Pétursdóttir	Leiðbeinandi	olof@grindavik.is
Páll Erlingsson	Grunnskólakennari	paller@grindavik.is
Petrína Baldursdóttir	Deildarstjóri elsta stigs	petrbald@grindavik.is
Petrúnella Skúladóttir	Íþróttakennari	petrunella@grindavik.is
Ragna Sigurðardóttir	Grunnskólakennari	ragnas@grindavik.is
Rebekka B. Jórmondóttir	Stuðningsfulltrúi	rebekka@grindavik.is
Rósa Kristín Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi	rosakb@grindavik.is
Rósey Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi	rosey@grindavik.is
Sigríður Fjóla Benónýsdóttir	Sérkennari	fjola@grindavik.is
Sigríður Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari 8. S	sigridurg2@grindavik.is
Sigrún Sverrisdóttir	Umsjónarkennari 1. AKSP	sigrunsv@grindavik.is
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	Umsjónarmaður Skólasels	sigurbjorg@grindavik.is
Sigurbjörg Eyfeld Skúladóttir	Grunnskólakennari	sigurbjorge2@grindavik.is
Sigurður H. Björgvinsson	Kennslufræðingur	sigurdurb@grindavik.is
Siguringi Sigurjónsson	Skákkennari	siguringi@yahoo.com
Sigurlína Jónasdóttir	Sérkennari	sigurlina@grindavik.is
Sigurrós Ragnarsdóttir	Kennslufræðingur	sigurros@grindavik.is
Sigurveig M. Öunduradóttir	Grunnskólakennari	veiga@grindavik.is
Smári Jökull Jónsson	Umsjónarkennari 5.S	smarij@grindavik.is
Stefanía Ólafsdóttir	Grunnskólakennari	stella@grindavik.is
Steinunn Gestsdóttir	Stuðningsfulltrúi	steinunn@grindavik.is
Svava Agnarsdóttir	Umsjónarkennari 7.S	svava@grindavik.is
Sylwia Ostrowska	Stuðningsfulltrúi	sylwia@grindavik.is
Tracy Vita Horne	Stuðningsfulltrúi	tracy@grindavik.is
Unndór Sigurðsson	Umsjónarkennari 7.U	valdis@grindavik.is
Valdís Inga Kristinsdóttir	Umsjónarkennari 9.V	unndor@grindavik.is
Þórunn Alda Gylfadóttir	Kennslufræðingur	thorunn@grindavik.is
Þórunn Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi	thorunnjo@grindavik.is
Þórunn Erlingsdóttir	Umsjónarkennari 1.AKSP	tota@grindavik.is
Þuríður Gísladóttir	Umsjónarkennari 8.Þ	lolla@grindavik.is

## Skipurit Grunnskóla Grindavíkur 2017-2018





## Nemendafjöldi

Við upphaf skólaársins eru 498 nemendur skráðir í skólann. Drengir í skólanum eru 270 og stúlkurnar eru 228. Skipting nemenda í bekki er með eftirfarandi hætti:

Umsjónarhópar	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1. AKSP	35	30	65	Alexander Veigar Þórarinsson, Karitas Nína Viðarsdóttir, Sigrún Sverrisdóttir og Þórunn Erlingsdóttir
2.AÁG	25	25	50	Anna Lilja Jóhannsdóttir, Ásrún Helga Kristinsdóttir og Gréta Dögg Hjálmarsdóttir.
3.M	8	8	16	Magnea Ósk Böðvarsdóttir
3.ME	9	6	15	María Eir Magnúsdóttir
3.R	7	7	14	Rósey Kristjánsdóttir
4. E	10	7	17	Erla Rut Jónsdóttir
4.M	13	7	20	Matthildur Þorvaldsdóttir
4.Ó	12	8	20	Ólöf Daðey Pétursdóttir
5.SH	9	14	23	Sigurður Heiðar Björgvinsson
5.SJ	12	10	22	Smári Jökull Jónsson
6.A	10	12	22	Anna Þórunn Guðmundsdóttir
6.S	12	9	21	Sigurrós Ragnarsdóttir
7.S	13	9	22	Svava Agnarsdóttir
7.U	15	7	22	Unndór Sigurðsson
8.KM	8	11	19	Kristín María Birgisdóttir
8.S	9	9	18	Sigríður Gunnarsdóttir
8.Þ	8	10	18	Þuríður Gísladóttir
9.K	15	8	23	Kristín Eva Bjarnadóttir
9.V	15	9	24	Valdís Inga Kristinsdóttir
10.A	12	11	23	Arna Guðmundsdóttir
10.E	13	11	24	Ellert S. Magnússon

Skólaárið 2016-2017 voru nemendur skólans 470, 218 stúlkur og 252 drengir

Skólaárið 2015–2016 voru nemendur skólans 484, 232 stúlkur og 252 drengir

Skólaárið 2014-2015 voru nemendur skólans 461, 213 stúlkur og 248 drengir

Skólaárið 2013-2014 voru nemendur skólans 464, 217 stúlkur og 247 drengir

Skólaárið 2012–2013 voru nemendur skólans 445, 211 stúlkur og 234 drengir

## Skóladagur

Skólastarf hefst kl. 8.00. Skólahúsnæðið er opið frá kl. 7.30 á morgnana. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1. – 3. bekk lengd viðvera til klukkan 16.00 í Skólaseli, sem starfrækt er á vegum skólans að Suðurhópi 2. Fatlaðir nemendur í 4.-10. bekk eiga kost á viðveru í Eldingu frá skólalokum til kl. 16:00.

Öllum nemendum skólans er boðið upp á hafragraut frá kl. 7:30 þar til skólastarf hefst.

Einnig gefst nemendum kostur á að vera í áskrift af ávöxtum sem þeir fá um miðjan morgun í stað nestis. Allir nemendur geta verið áskrifendur og/eða keypt mat hjá Skólamat í hádeginu. Einnig geta nemendur komið með nesti bæði að morgni og í hádegi.

Nemendur sækja íþróttakennslu í Íþróttahúsi Grindavíkur. Allir nemendur fara vikulega í sundkennslu í Sundlaug Grindavíkur.



## Stundatöflur

Í aðalnámskrá grunnskóla er að finna viðmiðunarstundaskrá sem hver skóli hefur til viðmiðunar við uppsetningu námsins og skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Viðmiðunarstundaskráin gerir ráð fyrir ákveðnum mínútufjölda sem nemendur eiga að fá á hverju aldurstigi. Það er síðan hlutverk hvers skóla fyrir sig að útfæra hversu miklum tíma er varið í hverja grein fyrir sig innan þessa ramma. Gert er ráð fyrir sveigjanleika innan námssviða og á milli áfanga en útfærslu á viðmiðunarstundaskrá skal birta í starfsáætlun skólans.

Líkt og síðast liðin skólaár er miðað við að stundatafla nemenda á hverju stigi sé samræmd varðandi lok skóladagsins og föstudagar eru styttri dagar. Á öllum skólastigum er gert ráð fyrir verkefnatímum þar sem nemendur geta stundað heimanám sitt og haft aðgang að kennara. Verkefnatímar eru mismargir á viku miðað við aldur nemenda, sjá heimanámsstefnu í skólanámskra. Í heimanámsstefnu er lögð megináhersla á lestur. Allir nemendur fá það verkefni að lesa heima fimm sinnum í viku í mislangan tíma eftir aldri

nemanda. Heimalestur getur falist í lestri nemandans sjálfs, samlestri nemanda og foreldris og/eða að foreldri lesi fyrir nemandann.

Á yngsta stigi lýkur kennslu alla daga eigi síðar en kl. 13:10, á miðstigi lýkur kennslu kl. 14:40 einn dag vikunnar og kl. 13:40 þrjá daga. Starfi á elsta stigi lýkur kl. 15:00 á mánudögum og kl. 14:00 þriðjud. – fimmtud. Öllu skólstarfi með nemendum lýkur eigi síðar en kl. 13:10 á föstudögum.

Hefðbundnir íþróttatímar á elsta stigi eru einu sinni í viku í 40 mínútur en allir nemendur eiga að velja íþróttir sem nemur að minnsta kosti 40 mínútum á viku úr hópi valgreina. Þar geta nemendur valið margskonar íþróttir, svo sem badminton og metabolic ásamt fleiri greinum. Í vetur verða ekki fastir tölvutímar en lögð áhersla á að nemendur hafi aðgang að tölvum í verkefnatímum og læri á tölvur í gegnum verkefnavinnuna. Einnig mega nemendur hafa með sér eigin tölvur í skólann. Í vetur verða tölvutímar hjá nemendum elsta stigs í samstarfi umsjónarkennara og tölvukennara og tengjast ákveðnum verkefnum (þemavinna).

## Viðmiðunarstundaskrá fyrir skólaárið 2017-2018

Grunnskóli Grindavíkur viðmiðunarstundaskrá -samburður við aðalnámskrá- ágúst 2015												
Námsgreinar, námsviðmið	Heildartími í 1. - 4. bekk. Míminútur á viku				Heildartími í 5. - 7. bekk. Míminútur á viku			Heildartími í 8. - 10. bekk. Míminútur á viku			Heildartími í 1. - 10. bekk. Míminútur á viku	Hlutféll
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknumál	1120				680			630			2430	18,8%
G G (Lestrarstundir á mið og elsta stigi taldar með).	1240				880			840				
Tímafjöldi í árgangi	8	8	8	7	7,5	7,5	7	7	7	7		
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80				460			840			1380	10,27%
G G	80				460			840				
Tímafjöldi í árgangi												
Enska	0	0	0	2	2,5	3	3	3	4	3		
Danska	0	0	0	2	0	0	3	4	3	4		
List- og verkgreinar	900				840			340			2080	15,48%
GG umbyr, Söngstundir í Hópskóla, forkóli, samstarfsmann list- og verkgræningjanna með umsjónark. á miðstigi, val á elsta stigi þm.t. kvæfing.	1080				720			720				
Tímafjöldi í árgangi	7	7	7	6	6	6	6	6	6	6		
Náttúrugreinar	420				340			360			1120	8,33%
Grunnskóli Grindavíkur	420				360			360				
Tímafjöldi í árgangi	2,5	2,5	2,5	3	3	3	3	3	3	3		
útkennsla + aðstundfr., lífr. aðli- og ásnáfr.												
Skólaþróttir	480				360			360			1200	8,93 %
GG	480				340			280				
Tímafjöldi í árgangi	3	3	3	3	3	3	2,5	2,5	2,5	2,5		
Samfélagsgreinar, trúarbragðsfræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði,	580				600			360			1.540	11,46%
GG + umsjón, verkefningar elsta stigi	540				600			520				
Tímafjöldi í árgangi	3,5	3,5	3,5	3	5	5	5	5	4	4		
Stærðfræði, akak	800				600			600			2.000	14,88%
Grunnskóli Grindavíkur	800				700			720				
Tímafjöldi í árgangi	5	5	5	5	6	5,5	6	6	6	6		
Úpplysinga- og tæknimeit	120				160			80			360	2,68 %
Grunnskóli Grindavíkur	160				240			200				
Tímafjöldi í árgangi	1	1	1	1	2	2	2	1	2	2		
toftur + Bokasafn + verkefningar á elsta stigi												
Til ráðstöfunar /Val Heildartímafjöldi samkv. aðalnámskrá	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	1.330	9,90%
Grunnskóli Grindavíkur												
Heildartímafjöldi í árgangi	30	30	30	34	35	35	39	39	39	39		
Alls	4.800 (30)				4.200 (35)			4.440 (37)			13.440	100 %

### Skóladagatal 2017 - 2018

Á skóladagatali koma fram þeir dagar sem nemendur eiga að sækja skóla, hvaða daga er vikið frá venjulegum skóladegi og hvaða daga nemendur fá leyfi. Skóladagatalið er á heimasíðu skólans í prentvænni útgáfu.

9. - 21. ágúst vinna starfsmenn að undirbúningi skólastarfsins og sækja námskeið og fræðslufundi.

22. ágúst hefst skólastarfið með skólasetningu og viðtölum umsjónarkennara við foreldra og nemendur í öllum árgöngum skólans.

23. ágúst hefst kennsla samkvæmt stundaskrá.

Samræmd próf verða lögð fyrir í 4. bekk 28. og 29. sept. og 7. bekk 21. og 22. sept.

Samræmd próf í 9. bekk verða 7.-9. mars.

Samskiptadagar verða þrír eins og undanfarin skólaár, þann 9. nóvember, 31. janúar, og þriðji samskiptadagurinn verður á tveggja vikna tímabili í maí.

20. desember er skóladagur og jólagleði síðdegis en síðan hefst jólafrí nemenda. Kennsla hefst að loknu jólaleyfi föstudaginn 5. janúar.

Árshátíð yngsta stigs verður 2. mars, miðstigs 27. febrúar og elsta stigs 13. mars.

31. maí verður vorgleðin og skólaslit verða föstudaginn 1. júní.

Skipulags- og símenntunnardagar verða 23. október, 4. janúar, 28. febrúar, 3. og 20. apríl. Hluti starfsdaganna er samræmdur með leikskólunum. Auk þess sem svo kallaður Grindavíkurdagur verður haldinn 10. nóvember en það er sameiginlegur starfsdagur allra starfsmanna Grindavíkurbæjar.

Skertir dagar eru dagar þar sem nemendur eru ekki í skólanum eins lengi og stundatafla segir til um. Þessir dagar mega ekki verða fleiri en 10 á hverju skólaári. Veturinn 2017-2018 eru þetta eftirtaldir dagar:

22. ágúst skólasetning, 9. nóvember samskiptadagur og jólagleði 20. des eftir kennslu telst sem skertur dagur. Eftir áramótin, 31. janúar samskiptadagur, 14. febrúar öskudagur. Auk þess eru 27. febrúar, 2. og 13. mars árshátíðardagar miðstigs, yngsta- og elsta stigs, 31. maí vorgleði og 1. júní skólaslit. Samskiptadagur í maí bætist aftan við kennslu og telst sem skertur dagur.

### Skólasel

Við Grunnskólann er starfrækt Skólasel sem er heilsdagsvistun fyrir nemendur í 1.-3. bekk. Skólaselið er staðsett í Hópsskóla, sími 420 1287, farsími 660 7321. Skólaselið er opið frá því skóla lýkur og til kl. 16:00.

Umsjón með Skólaseli hefur Sigurbjörg Guðmundsdóttir. Foreldrum gefst tækifæri til að lengja veru barna sinna í skólanum eftir að kennslu lýkur til kl: 16:15 eða til kl: 17:00 ef lágmark 10 börn eru skráð á þeim tíma.

Markmið starfsins er að koma til móts við þarfir samfélagsins, foreldra og atvinnulífs með því að skapa börnunum öruggan og notalegan samastað að skóla loknum. Dagurinn skiptist í frjálsan leik úti og inni og skipulagt starf svo sem fönður, leiki og fleira. Lögð er áhersla á friðsamleg og jákvæð samskipti barna og fullorðinna og að dvölin geti verið lærdómsrík og skemmtileg.

Lokað er í vetrar-, jóla- og páskafrí, einnig á árshátíðardegi og vorgleði. Á öðrum skóladögum, þar sem vikið er frá venjulegu skipulagi svo sem á öskudegi og þemadögum opnar Skólasel um leið og dagskrá lýkur. Skólaárið 2017-2018 verður lokað í Skólaseli á

skipulagsdögum og símenntunardögum. Ef foreldrar ætla að segja upp vistun eða skrá inn ný börn þarf að láta vita minnst 15 dögum fyrir mánaðamót. Gjaldskrá og umsóknir eru á heimasíðu Grindavíkurbæjar (íbúagátt), [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)



### Frístundaklúbburinn Elding

Við Grunnskólann er starfrækt heilsdagsvistun, Elding fyrir nemendur með fötlun og/eða raskanir í 4.-10. bekk. Frístundaklúbburinn er starfræktur frá því að skóla lýkur og til klukkan 16 alla virka daga. Þar fer fram skipulagt frístundastarf og gefst börnunum tækifæri til að dvelja við leik og skapandi störf eftir að skóla lýkur, auk þess sem reynt er að fara í heimsóknir, sundferðir og fleira.

Frístundaklúbburinn er starfræktur í stofu 120, við hlið þrumunnar. Umsjónarmaður er Milos Jugovic stuðningsfulltrúi.

Lokað er í vetrar-, jóla- og páskafrí, einnig á árshátíðardegi og vorgleði. Á öðrum skóladögum, þar sem vikið er frá venjulegu skipulagi svo sem á öskudegi og þemadögum opnar Elding um leið og dagskrá lýkur. Skólaárið 2017-2018 er lokað á skipulagsdögum og símenntunardögum. Gjaldskrá er sú sama og í Skólaseli og tekur skólastjóri Grunnskóla Grindavíkur við umsóknum.

### Vinaliðar

Vinaliðaverkefnið er norskt að uppruna og gengur út á að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútum og að skapa betri skólaanda. Vinaliðaverkefnið er okkar leið til að mæta þörf barna fyrir fjölbreytta hreyfingu og skemmtun sem er nauðsynlegur hluti af

þroska barna. Nemendur skólans hafa svo að sjálfsögðu val um hvort og þá hvaða leikjum þeir taka þátt í.

Verkefnið er unnið með 1. - 6. bekk og á þessu skólaári verður Vinaliðaverkefninu hrundið af stað á elsta stigi. Aðalmarkmið þessa verkefnis er að bjóða öllum nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í frímínútum, þannig að allir nemendur skólans hlakki til að fara í frímínútur.

Vinaliðaverkefnið er stuðningsverkefni við eineltisáætlun skólans og er hugmyndafræðin sú að nemendur velja einstaklinga úr bekkjunum sem fá hlutverk vinaliða en þeir hafa svo umsjón með að koma leikjum og afþreyingu í gang og taka til eftir leikina. Nemandi sem er valinn til að gegna hlutverki vinaliða starfar í hálf t. ári í senn. Vinaliðinn vinnur að verkefninu í morgunfrímínútum skólans, tvo til þrjú daga í viku. Vinaliðinn mætir einnig á fundi þar sem starfið í frímínútum er skipulagt og vangaveltur sem því tengjast eru ræddar. Vinaliðar fá afhent samfélagskort þegar þeir hefja störf í Vinaliðaverkefninu, en samfélagskortinu veitir þeim afslátt eða frían aðgang að ýmsum viðburðum, söfnum, íþróttamiðstöðvum og fleiru. Við upphaf starfs Vinaliðans er haldið leikjanámskeið fyrir alla Vinaliða í sveitarfélaginu. Á námskeiðinu er farið í leiki úr handbókinni „Leikir í frímínútunum“ sem er gefin út af Vinaliðaverkefninu og Vinaliðunum kennt að koma leikjunum í gang og hvernig hægt er að hvetja aðra til að taka þátt. Að auki sitja Vinaliðarnir á stuttum fyrirlestri um hlutverk Vinaliðans.

Verkefnastjórar eru Bjarney Steinunn Einarsdóttir [bjarney@grindavik.is](mailto:bjarney@grindavik.is), Hildur María Brynjólfssdóttir [hildur@grindavik.is](mailto:hildur@grindavik.is) og Ásdís Hafliðadóttir [asdis@grindavik.is](mailto:asdis@grindavik.is)



## Valgreinar

Nemendur í 7. - 10. bekk í Grunnskóla Grindavíkur eiga kost á að velja að hluta til námsgreinar og námssvið samkvæmt framtíðaráformum sínum. Samkvæmt Aðalnámskrá er heimilt að meta tímabundna þátttöku til dæmis í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, til dæmis við tónlistarskóla og málaskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þrátt fyrir að námið njóti viðurkenningar í stað skyldunámsgreina.

Heildartímabúningur nemenda í 7. – 10. bekk er 37 stundir á viku, þar af 6 stundir í valgreinar. Kjarnagreinar eru þær greinar sem allir nemendur taka. Valgreinar eru mismunandi hjá hverjum og einum og velja nemendur með hliðsjón af getu sinni, áhugasviði, styrkleikum, veikleikum og undirbúningi fyrir það framhaldsnám sem þeir stefna á. Bundið val hjá nemendum er sem nemur 40 mínútum í íþróttatengdum valgreinum og nemendur 7.-8. bekkja eru með bundið val sem nemur 80 mínútum á viku í list- og verkgreinum.

Valið er að mestu í námskeiðsformi þar sem skólaárinu er skipt upp í fjögur valtímabil.

Misjafnt er hvaða greinar eru kenndar á hverju tímabili. Eftirfarandi valgreinar eru kenndar á skólaárinu 2017-2018:



Amerískur fótbolti	Árshátíð leikrit	Badminton
Bakstur	Betri knattspyrnumaður	Betri körfuboltamaður
Björgunarsveitin	Boostar og safar	Bókmenntir
Brauð og súpur	Dans	Danska
Danskar kvikmyndir	Enska	Enskar kvikmyndir
Fermingarerta	Fluguhnýtingar	Föndur og skrapp
Ganga og útivist	Gítarnámskeið	Góðar venjur
Hár, húð og neglur	Hjólakraftur	Hljómborðsleikur
Hollt og gott	Hreyfimyndagerð	Hreyfing og leikir
Hönnun, sniðagerð	Íslenska	Íslenskar kvikmyndir
Íþróttaiðkun	Jóga	Legó
Leiklist/tjáning	Leirlist	Listasmiðja
Metabolic	Minecraft	Myndmennt
Náttúrufræði-tilraunir	Peyjar	Photoshop
Píla	Prjón/hekl /útsaumur	Pæjur
Reiðmennska	Skam	Skák
Skólahreysti	Spil og leikir	Spinning
Spænska	Stíll	Stærðfræði
Sykur og hveitilaust	Söngur	Tie dye
Tónlist og tölvur	Tæknimennt	Vellíðan í námi
Viðburðateymi	Vinnustaðaval	Zumba

Grunnskóli Grindavíkur er í samstarfi við Fjölbrautaskólann í Ármúla þar sem nemendur Grunnskólans hafa til dæmis tekið áfanga í ensku, dönsku íslensku og stærðfræði sem hluta af sínu námi.

## Nemendafélag

Við skólann er starfandi nemendafélag, markmið félagsins er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og að skipuleggja og sjá um félagslíf nemenda í Grunnskólanum. Nemendafélagið og Þrumaráð hefur verið sameinað í eitt ráð. Í grunnskólalögum (10. gr.) kemur fram að nemendafélag skuli starfa við grunnskóla og það á að setja sér starfsreglur meðal annars um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Dagskrá Þrumunnar má sjá á síðu Grindavíkurbæjar.

Félagsmiðstöðin Þruman er opin fyrir nemendur á elsta stigi á skólatíma og nemendur á miðstigi fara í Þrumuna í morgunfrímínútum einu sinni í viku.

## Nemendaráð skólaárið 2017 – 2018

Aníta Sif Kristjánsdóttir 10. E	formaður
Gunnlaugur Gylfi Bergþórsson 10. E	varaformaður

### 10. bekkur

Rakel Sif Alfreðsdóttir 10. A, Una Rós Unnarsdóttir 10. E, Vignir Berg Pálsson 10. E

### 9. bekkur

Hrafnhildur Una Magnúsdóttir 9.V, Ólafur Reynir Ómarsson 9.K, Patrekur Ívar Björnsson 9.V, Tinna Dögg Siggeirsdóttir 9.V

### 8. bekkur

Ester María Pálsdóttir 8. S, Jón Fannar Sigurðsson 8.Þ, Viktor Örn Hjálmarsson 8.Þ

### 7. bekkur

Róbert Þórhallsson 7.U, Svanþór Rafn Róbertsson 7.S  
Umsjónarmaður félagsstarfs er Jóhann Árni Ólafsson.

## Nemendafulltrúaráð

Nemendafulltrúaráð Grunnskóla Grindavíkur hefur verið starfandi síðan haustið 2012.

Nemendafulltrúaráð er skipað nemendum úr 1. til 10. bekk. Hver bekkur hefur einn fulltrúa í ráðinu og annan til vara. Hugmyndin að baki nemendafulltrúaráðinu er að auka nemendalýðræði og gefa nemendum kost á að taka þátt í ákvörðunartökum um skólastarfið. Gengið er í bekk og nemendur bjóða sig fram, síðan er dregið um hverjir verða fulltrúar hvers bekkjar.

Ráðið fundar fimm sinnum yfir vetrartímann og fer yfir ýmsa þætti sem tengjast skólabrag til að bæta líðan nemenda. Ráðið kemur með hugmyndir að dagskrá fyrir *Saman í sátt* daginn sem er í byrjun nóvember og friðargönguna í desember svo eitthvað sé nefnt. Námsráðgjafi heldur utan um ráðið og er tengiliður við stjórnendur og kennara. Nemendafulltrúaráð kallar sig Stuðbolta.

Ákveðið hefur verið að vinabekkir eftirfarandi árganga verði myndaðir að hausti: 1. og 7. bekkur, 2. og 6. bekkur, 3. og 8. bekkur, 4. og 10. bekkur og 5. og 9. Bekkur



### Skólareglur

Við vekjum sérstaka athygli á upplýsingum um farsíma og snjalltæki annars vegar og nesti hins vegar. Þessum hluta skólareglna var breytt í september 2016.

Einkunnarorð Grunnskóla Grindavíkur eru **virðing – vellíðan – virkni**

### Leiðarljós Grunnskóla Grindavíkur

Við í Grunnskóla Grindavíkur viljum skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð

### **Virðing**

Við komum fram af virðingu, kurteisi og tillitssemi.

Við göngum vel um og stofnum ekki öryggi fólks í hættu

### **Heimanám og gögn**

Nemendum ber að koma vel undirbúnir í skólann og með nauðsynleg gögn. Þess má geta að bæjarráð Grindavíkubæjar ákvað á fundi sínum í ágúst síðast liðnum að sjá nemendum skólans fyrir námsgögnum, þeim að kostnaðarlausu.

### **Á göngum skólans**

Nemendum ber að ganga hljóðlega um skólahúsnæðið og sýna tillitssemi. Sú regla að ganga hægra megin upp og hægra megin niður stiga skal viðhöfð og að ganga hægra megin á göngum skólans.

### **Skófatnaður og yfirhafnir**

Nemendur ganga ekki um á útiskóm inni í skólahúsnæðinu og eru hvattir til að nota innískó á skólatíma. Nemendur skilja skófatnað eftir í skógeymslum, undantekningar gerðar á jólaskeppum og árshátíð, og setja yfirhafnir á snaga við eða í kennslustofum. Nemendur eiga ekki að skilja skólatöskur sínar eftir á glámbekk.

### **Nemendur eiga að vera í skólanum á skólatíma**

Ætlast er til þess að nemendur séu í skólabyggingunni eða á skólalóð á skólatíma. Undanskildar eru ferðir í íþróttahús og sundlaug.

### **Farsímar og önnur snjalltæki**

Nemendur eiga ekki að vera með síma eða önnur snjalltæki í kennslustundum nema til að nota þau í námslegum tilgangi með leyfi kennara. Farsími og önnur snjalltæki sem nemandi er með má ekki hafa truflandi áhrif með neinum hætti á skólatíma. Tækin skulu vera stillt á flugstillingu (Fly Mode) og geymast í plastvösum eða þar til gerðri geymslu í kennslustofunni. Öll notkun farsíma og annarra snjalltækja er bönnuð í íþróttahúsi og sundlaug. Myndatökur hverskonar eru bannaðar í skólahúsnæðinu þar með talið í íþróttahúsi, sundlaug, félagsmiðstöð, bókasafni, tónlistarskóla og Skólaseli/Eldingu nema með leyfi kennara/starfsmanns. Öll tæki sem nemendur koma með að heiman eru á ábyrgð nemenda og foreldra. Dæmi um alvarlega misnotkun slíkra tækja er ef notkun þeirra særir einstakling/einstaklinga með orðum, myndum eða öðrum hætti, truflar vinnufrið nemenda/starfsmanna eða rýrir öryggi nemenda/starfsmanna.

Gerður er undirritaður samningur við nemendur og foreldra varðandi síma, snjalltæki og netnotkun.

Ef nemandi verður uppvís að því að nota farsíma eða önnur snjalltæki án leyfis og/eða misnota í skólahúsnæði gilda eftirfarandi viðurlög. Ef um alvarlegt brot á friðhelgi einstaklings er að ræða þá gildir regla fyrir 3. brot strax.

**1. brot** - Starfsmaður tekur farsíma og/eða snjalltæki af nemanda og afhendir umsjónarkennara sem skráir í Mentor. Umsjónarkennari afhendir snjalltæki í lok dags og leiðbeinir nemanda um notkun rafeindatækja.

2. brot - Starfsmaður tekur farsíma og/eða snjalltæki af nemanda, afhendir ritara sem hringir í foreldra sem þurfa að koma og sækja tækið.

3. brot - Starfsmaður tekur farsíma og/eða snjalltæki af nemanda, afhendir stjórnanda sem hringir í foreldra og lætur vita að nemandi má ekki koma með farsíma og snjalltæki næstu tvær vikurnar. Ef um ítrekuð brot er að ræða lengist tímabilið um helming í hvert skipti sem nemandi virðir ekki þessar reglur, að hámarki í þrjá mánuði í senn.

**Nemendur og foreldrar undirrita samning um ábyrga notkun farsíma og snjalltækja. Þeir sem ekki undirrita slíkan samning eru ekki með farsíma og/eða snjalltæki í skólanum.**

### ***Skólabjalla***

Skólabjalla hringir við upphaf kennslustunda.

Nemendur eiga að virða þessar hringingar og mæta stundvíslega í kennslustundir.

### ***Hjól, hjólabretti, hlaupahjól og línuskautar***

Ekki er leyfilegt að hjóla, vera á hjólabretti, hlaupahjóli eða á línuskautum á skólalóð nema þar sem sérstök aðstaða er til staðar fyrir slík tæki. Hjólum skal lagt snyrtilega í þar til gerða standa og annar búnaður geymdur í samráði við umsjónarmann skólahúsnæðis eða skólaliða. Gæta þarf að því að allur öryggisbúnaður á hjólum sé í lagi. Notkun hjálma er nauðsynleg.

### **Velliðan**

Við hugum vel að heilsu okkar og veljum heilbrigða lífshætti.

Við neytum ekki tóbaks, áfengis eða ólöglegra vímuefna

### ***Mataraðstaða – mótuneyti***

Mikilvægt er að nemendur borði staðgóðan og hollan morgunverð heima eða fái sér hafragraut sem er í boði í skólanum nemendum að kostnaðarlausu. Nemendur skulu neyta matar í matsal skólans eða á þeim stöðum sem samþykktir eru af skólastjórn hverju sinni. Hver nemandi gengur frá þeim áhöldum sem viðkomandi notar í matartímum. Allir nemendur skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði.

### ***Nesti***

Nemendur á yngsta- og miðstigi snæða nesti í kennslustofum sínum en nemendur á elsta stigi í matsal skólans.

Foreldrar hafa möguleika á að kaupa ávexti/grænmeti í áskrift.

Nestið þarf að vera aðgengilegt til dæmis búið að skera ávexti og grænmeti, vera bragðgott og hollt fyrir nemendur. Þetta er aðeins hressing ekki heil máltíð og ætti því að vera nóg að koma með ávexti og/eða grænmeti eða gróft brauðmeti. Foreldrar eru hvattir til að gæta vel að næringarinnihaldi og við bendum sérstaklega á að skoða vel próteinstykki sem oft innihalda mikinn sykur.

Dæmi um nesti: Ávextir og/eða grænmeti, gróft brauð með góðu áleggi (samloka heppileg vegna þökkunar, getur verið 1/1 eða 1/2), reynum að velja gróft brauð, aukum fjölbreytni t.d. með rúgbrauði, rúnstykki, flatkökum og grófum pítubrauðum. Veljum fjölbreytt álegg t.d. kjötálegg, ost, kæfu, banana, egg, gúrku, tómata, epli, salat, sultu o.fl. Vatn og mjólk geta nemendur fengið í skólanum, glös og vatnskanna er til staðar í hverri stofu.

**Grunnskóli Grindavíkur er Grænfánaskóli og því hvetjum við foreldra til að senda nemendur með nesti í margnota umbúðum.**

**Drykkir í fernum verða ekki seldir í skólanum.**

### ***Sælgæti og gosdrykkir***

Ekki er leyfilegt að neyta sælgætis eða gosdrykkja í skólanum nema með sérstöku leyfi starfsfólks (til dæmis á bekkjarsamkomum, litlu jólum, ferðalögum og árshátíðum).

### **Virkni**

*Við stundum námið eftir bestu getu*

*Við erum stundvís og tökum virkan þátt í skólastarfinu*

### ***Veikindi og leyfi***

Forráðamönnum ber að tilkynna um veikindi og óska eftir leyfi á skrifstofu skólans. Leyfi í 3 daga eða lengur skal sækja um skriflega til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra

### ***Alvarleg frávík frá skólasókn – seinkomur og óheimilar fjarvistir***

Ef skólasókn nemenda er ekki viðunandi er nemenda/foreldrum fyrst gert viðvart, síðan eru þeir boðaðir á fund með umsjónarkennara/deildarstjóra viðkomandi skólastigs þar sem farið er yfir stöðuna og ef það ber ekki tilætlaðan árangur er málinu vísað til skólayfirvalda.

Hver nemandi í 7. – 10. bekk byrjar með 10,0 í skólasókn í upphafi hveurrar annar. Fjarvistir og seinkomur koma síðan til frádráttar. Þau stig sem eftir eru í lok annar teljast mætingareinkunn og færast á vitnisburðarblað. Þessi einkunn er sérstök einkunn óháð frammistöðu í einstökum námsgreinum.

### ***Óheimilar fjarvistir***

Fyrir fyrstu óheimiluðu fjarvistina (F) kemur enginn frádráttur en eftir það dragast 0,5 frá mætingareinkunn fyrir hvert skipti. Ef nemandi er fjarverandi án leyfis í heilan dag, skal umsjónarkennari hans/deildarstjóri leita skýringa á því og meta síðan fjarveru hans til frádráttar, þó ekki meira en frádráttarreglur segja til um.

### ***Seinkomur***

Komi nemandi allt að 10 mínútum of seint í kennslustund skal færa S í bekkjarskrá, annars er um fjarvist að ræða. Eftir fyrsta S kemur enginn frádráttur en eftir það dragast 0,2 frá fyrir hvert skipti.

Fari nemandi niður fyrir 8,0 í mætingareinkunn skal umsjónarkennari tilkynna það foreldri/forráðamanni hans. Fari nemandi niður fyrir 7,0 skal nemandi ásamt foreldri/forráðamanni koma til viðtals við umsjónarkennara.

Ef nemandi er kominn niður fyrir 5,0 er mál hans komið á það stig að það verður tekið til sérstakrar umfjöllunar hjá deildarstjóra í samráði við foreldra/forráðamann. Ef sú umfjöllun skilar ekki tilætluðum árangri, mun málið verða sent skólastjórn/skólanefnd til úrlausnar.

Nemandi sem farið hefur niður fyrir 5,0 í mætingareinkunn á kost á því að vinna sig upp í þá tölu, en þó með ákveðnum skilyrðum. Ef mæting og hegðun er óaðfinnanleg í viku getur nemandinn unnið sér inn plús 0,5 punkta.

Umsjónarkennari skal gefa reglulega upp mætingu nemenda í Mentor.

Ef nemandi/foreldrar gera ekki athugasemdir við færslur í Mentor strax, skoðast þær samþykktar.

### **Samkvæmt lögum ber skólastjóra að vísa ófullnægjandi skólasókn nemanda til fræðslu – og barnaverndaryfirvalda.**

Grunnskóli Grindvíkur byggir samskipta- og umgengnisreglur á hugmyndafræði uppbyggingastefnunnar.

### **Viðbrögð við broti á skólareglum**

Skólareglurnar þurfa að vera öllum kunnugar, sýnilegar á göngum og í kennslustofum.

Kennarar kynna reglurnar fyrir nemendum og leiðbeina þeim við að hafa þær í heiðri. Þeir aðstoða nemendur við að finna leiðir sem stangast ekki á við reglur. Mikilvægt er að allir í skólasamfélaginu láti sig varða og grípi inn í atvik eins fljótt og hægt er þannig að óæskileg hegðun sé stöðvuð strax. Síðan þarf að leiðbeina á uppbyggjandi hátt, benda nemendum á að þeir gerðu mistök. Við berum öll ábyrgð og mótum þannig góðan skólabrag.

## **Árangursrík leið til lausnar – uppbygging**

Nemendur geta valið árangursríka leið til lausnar ef hegðun þeirra reynist óásættanleg. Við viljum vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun. Þeir sem starfa í skólasamfélaginu eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um alla, nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans. Besta leiðin til þess að vinna sig út úr vanda er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa – gera áætlun um að leiðréttu þau - og læra þannig betri leið sem nýtist viðkomandi í svipuðum aðstæðum.

### Dæmi um uppbyggingu:

#### **Í kennslustund:**

kennari/starfsmaður áminnir nemanda og gefur honum tækifæri til að ná stjórn á eigin hegðun og leiðréttu mistök sín (bæta hegðun sína/finna leið sem sættir sjónarmið), kennara er heimilt að víkja nemanda úr kennslustund hafi hann með framferði sínu misboðið kennara eða valdið verulegri truflun í kennslustund og ekki látið segjast við áminningu kennarans. Hafi kennari/starfsmaður þurft að vísa nemanda úr kennslustund ber honum að gera eftirfarandi við fyrsta tækifæri:

- ræða í einrúmi við nemandann um agabrotið og gera með honum uppbyggingar-/friðaráætlun
- kynna áætlunina fyrir þeim aðilum sem hlut eiga að máli
- hafa samband heim við forráðamann nemandans
- skrá brotið og viðbrögð þeirra sem að málinu koma, afhenda umsjónarkennara skýrsluna og kynna honum málið
- umsjónarkennari og kennari/starfsmaður fylgja uppbyggingaráætlun eftir með viðtölum
- þeir sem hlut eiga að máli fá upplýsingar um áætlun nemandans frá umsjónarkennara upplýsingar eru skráðar í Mentor til umsjónarkennara og hann upplýsir foreldra um að nemandi hafi leiðrétt mistök sín og gert uppbyggingaráætlun
- umsjónarkennari fylgir uppbyggingaráætluninni eftir með viðtölum

Á þessu stigi er hlutverk deildarstjóra að koma til aðstoðar með því að skapa aðstæður þar sem kennari getur farið yfir málin með viðkomandi nemanda.

#### **Á göngum skólans, bókasafni, mötuneyti, íþróttamannvirkjum og á skólalóð:**

starfsmaður áminnir nemanda og gefur honum tækifæri til að ná stjórn á eigin hegðun og leiðréttu mistök sín (bæta hegðun sína/finna leið sem sættir sjónarmið)

ef það gerist ekki vísar starfsmaður viðkomandi nemanda til umsjónarkennara



- ræða í einrúmi við nemandann um agabrotið og gera með honum uppbyggingar-  
/friðaráætlun
- kynna áætlunina fyrir þeim aðilum sem hlut eiga að máli
- hafa samband heim við forráðamann nemandans (sé þess þörf)
- skrá brotið og viðbrögð þeirra sem að málinu koma, afhenda umsjónarkennara skýrsluna og kynna honum málið
- umsjónarkennari fylgir uppbyggingaráætlun eftir með viðtölum

Sama gildir um önnur alvarleg agabrot á göngum og eða önnur alvarleg brot á skólareglum upplýsingum er komið munnlega eða með skráningu í Mentor til umsjónarkennara og hann upplýsir foreldra um að nemandi hafi leiðrétt mistök sín og gert uppbyggingaráætlun umsjónarkennari fylgir uppbyggingaráætluninni eftir með viðtölum.

Ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun er málum vísað til umsjónarkennara/deildastjóra viðkomandi stigs sem ákvarðar framhaldið. Í flestum tilvikum er boðið sem fyrst til fundar með foreldrum viðkomandi nemanda. Þá taka oftast við aðgerðir sem byggja ekki á sjálfstjórn nemanda heldur skilyrðum og eftirliti.

### **Dæmi um úrræði þegar nemendur geta ekki eða vilja ekki leiðrétt hegðun sína og snúa sterkari til starfa á ný:**

gerður er samningur með skilyrðum  
nemanda er boðin aðstoð námsráðgjafa  
tilvísun í sérúrræði  
tilvísun til skólasálfræðings (með samþykki foreldra)  
fundur með öllum kennurum viðkomandi nemanda  
breytingar á stundaskrá nemanda (tímabundið)  
reglulegir stöðufundir með umsjónarkennara/foreldrum  
vísað til nemendaverndarráðs (með samþykki foreldra)  
foreldrar fylgja nemanda í kennslustundum  
stuðningur inn í bekk  
sérstakt eftirlit í frímínútum

### **Vegna síendurtekinna brota taka umsjónarkennari og deildarstjóri á málum í samráði við foreldra/forráðamenn.**

Við alvarlegum brotum er ávallt brugðist við með skýrum hætti. Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til. Nemanda er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin. Skólinn vinnur samkvæmt grunnskólalögum varðandi slík mál, verklagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota (grunnskólalög 91/2008, síðari

breytingar 91/2011 og reglugerð 1040/2011 kafli IV – VI um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

### Vettvangsferðir

Á vegum Grunnskóla Grindavíkur fara nemendur í ýmsar skipulagðar vettvangsferðir/ferðalög. Auk þessa fara nemendur í stuttar vettvangsferðir sem tengjast námsefninu allt árið um kring. Flestar vettvangsferðanna eru farnar að vori. Fyrirhugað er að allir nemendur og starfsfólk skólans taki þátt í Mörtugöngu sem farin er í kringum 29. apríl ár hvert. Skipulagðar fastar vettvangsferðir skólaárið 2017-2018 eru:



#### 1.bekkur

*Að jafnaði fara nemendur í vettvangsferðir 1x í viku um nærumhverfið Mörtuganga - Þórkötlustaðahverfi*

#### 2.bekkur

*Farið er í heimsókn til tannlæknis og á pósthúsið.  
Fuglaskoðunarferð og fjöruferð  
Vettvangsferðir tengdar þemavinnu farnar reglulega, Mörtuganga - Hópsneshringurinn*



#### 3.bekkur

*Reykjavíkurferð  
Vettvangsferðir tengdar þemavinnu farnar reglulega Mörtuganga - Gálgaklettur*

4.bekkur

*Gróðursetning í Lágafelli í umsjón*

*Gróðurs í landnámi Ingólfs,*

*Reykjaneshringurinn*

*Mörtuganga – Hringur í kringum*

*Þorbjörn, Selskógur*



5.bekkur

*Þjóðminjasafnið*

*Stuttar ferðir um nágrenni bæjarins*

*Mörtuganga - Húsafell*



6.bekkur

*Árbæjarsafn, Gróðursetning í Selskógi*

*í samvinnu við Skógræktarfélag Grindavíkur*

*Mörtuganga – Rásin, í áttina að*

*kirkjugarðinum á Stað*

7.bekkur

*Nágrenni Grindavíkur, Reykjaskóli*

*Mörtuganga - Prestastígur, Skógfellavegur, Golfvöllur-*

*Bláa lónið-Grindavík, Hesthellir*



### 8.bekkur

Vorferð skipulögð af  
umsjónarkennurum

Stuttar ferðir um nágrenni bæjarins  
Mörtuganga - Prestastígur, Skógfellavegur,  
Golfvöllur-Bláa lónið-Grindavík, Hesthellir



### 9.bekkur

Vorferð skipulögð af umsjónarkennurum  
Gróðursetning - 9. bekkur fer að hausti að  
Lágafelli til að skoða plöntur sem nemendur  
settu niður þegar þeir voru í 4. bekk  
Mörtuganga - Prestastígur, Skógfellavegur,  
Golfvöllur-Bláa lónið-Grindavík, Hesthellir

### 10.bekkur

Vorferð skipulögð af umsjónarkennurum  
Mörtuganga - Prestastígur, Skógfellavegur,  
Golfvöllur-Bláa lónið-Grindavík, Hesthellir



## FORELDRAR

### Foreldrafélag Grunnskóla Grindavíkur

Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á félagið að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Félagsgjald skólaárið 2016-2017 var kr. 1500 á heimili. Skólaárið 2017-2018 mun foreldrafélagið taka þátt í að bjóða nemendum upp á hafragraut á morgnana með því að greiða efniskostnað. Við skólaslit vorið 2017 færði foreldrafélagið Grunnskóla Grindavíkur innifána með merki skólans að gjöf.

Stjórnina skipa 7 fulltrúar foreldra valdir úr röðum bekkjarfulltrúa eða almennra félagsmanna og skiptir stjórnin með sér verkum. Aðalfundur félagsins er haldinn í byrjun október með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Stjórnin fundar eftir því sem verkefni gefa tilefni til.

Eftirtaldir eru í stjórn foreldrafélagsins fyrir skólaárið 2017-2018: Eva Björg Sigurðardóttir formaður og varaformaður í skólaráði, Elva Björk Guðmundsdóttir varaformaður og fulltrúi í fræðslunefnd, Krístrún Ingadóttir gjaldkeri og fulltrúi í skólaráði, Katrín Ösp Magnúsdóttir ritari og fulltrúi í fræðslunefnd, Guðrún María Brynjólfsson meðstjórnandi og fulltrúi í skólaráði, Hilmar Freyr Gunnarsson meðstjórnandi og varaformaður í skólaráði, og Jón Ólafur Sigurðsson meðstjórnandi. Aðrir fulltrúar í skólaráði eru, Ingunn Halldórsdóttir og Margrét Birna Valdimarsdóttir.

### Forföll og leyfi nemenda

Foreldrar/forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf skóladags, til ritara skólans í síma 420-1200 eða á heimasíðu skólans.

Ef nemandi þarf að fá leyfi hluta úr degi eða einn skóladag skal haft samband við skrifstofu skólans. Ef um er að ræða leyfi í þrjá daga eða meira skal sækja um það á skrifstofu skólans. Eyðublöð eru á heimasíðu skólans.

Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi. Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er

sótt um það skriflega til skólustjóra sem leggur umsókn fyrir nemendaverndarráð til umsagnar.

### Samskiptadagar - foreldraviðtöl

Samskiptadagar eru þrír fyrir utan upphafsdag skólastarfs, 9. nóvember, 31. janúar og í maí. Í maí er samskiptadagur síðdegis og nær yfir tveggja vikna tímabil. Þá mæta nemendur ásamt foreldrum/forráðamönnum sínum í skólann á fyrirfram gefnum tíma. Á þessum dögum eiga allir kennarar skólans að vera í skólanum tilbúnir til viðtals við foreldra og nemendur.

Fyrir utan samskiptadaga eru kennarar hvattir til að hafa samband heim að minnsta kosti einu sinni á hvorri önn en kennarar eru með viðtalstíma eftir samkomulagi.

### Mötuneyti

Grindavíkurbær er með samning við Skólamat ehf. um að sjá nemendum skólans fyrir máltíðum og stykkjasölu á drykkjum og matföngum um söluop. Matseðill vikunnar birtist á heimasíðu Skólamatar sem er aðgengileg í gegnum heimasíðu skólans. Umsjónarkennarar borða með nemendum í 1.-3. bekk og kennarar skiptast á að borða með nemendum í 4.-10. bekk.

Mataráskrift er greidd fyrirfram fyrir mánuð í senn. Skólaárið 2017-2018 kostar máltíð í áskrift 380 krónur til nemenda. Áskrift er keypt á vefsíðu fyrirtækisins: skolamatur.is Starfsmenn Skólamatar í Grunnskóla Grindavíkur eru: Hildur Guðmundsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir. Einnig er boðið upp á áskrift að morgunhressingu sem eru ávextir og/eða grænmeti. Ávaxtaáskrift kostar kr. 2.200 á mánuði.



## STJÓRNIR OG RÁÐ

### Fræðslunefnd

Í 6. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla segir að í hverju sveitarfélagi eigi að starfa skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla. Meginmarkmið hennar er að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem eiga rétt á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu. Einnig á skólanefnd að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár, staðfesta starfsáætlun skóla og koma með tillögur um umbætur í skólastarfi. Skólanefnd á þar að auki að huga að viðeigandi húsnæði og aðbúnaði, hafa eftirlit með ákvæði laga og reglugerða og stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Skólanefnd er kosin af sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og áheyrnafulltrúar eru skólastjóri auk fulltrúa kennara og foreldra.

Í fræðslunefnd Grindavíkurbæjar sitja eftirtaldir:

Þórunn Svava Róbertsdóttir formaður, Klara S. Halldórsdóttir, Ámundínus Örn Öfjörð, Ómar Örn Sævarsson og Guðmundur Grétar Karlsson.

Fræðslunefnd fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Áheyrnafulltrúar eru Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri, Valdís Kristinsdóttir fulltrúi kennara og Katrín Ösp Magnúsdóttir er fulltrúi foreldrafélagsins.



## Skólaráð

Við grunnskólann starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahlald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar meðal annars um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Skólaráð 2017-2018 skipa eftirtaldir:

Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri.

Guðrún María Brynjólfsdóttir, Ingunn Halldórsdóttir og Klara Bjarnadóttir eru fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags

Sigurveig Önundardóttir og Valdís Inga Kristinsdóttir fulltrúar kennara

Pórunn Jóhannsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna

Fulltrúi nemenda 10. bekkja er Vignir Berg Pálsson, fulltrúi 9. bekkja er Tinna Dögg Sigurgeirsdóttir.

Aðstoðarskólastjóri er ritari skólaráðs.

## Starfsáætlun skólaráðs 2017-2018

Nóvember: Starfsáætlun skólaráðs og skipan þess. Starfsáætlun Grunnskólans og Innra mat.

Janúar: Rekstraráætlun, foreldrafélag, samstarf heimila og skóla. Kynning á stöðu þróunarverkefna.

Mars: Húsnæðismál, aðstaða og aðbúnaður. Skólareglur. Skóladagatal næsta skólaárs. Starfsmannamál.

Mái: Starfsmannamál og skipulag næsta skólaárs. Umfjöllun um skólanámskrá.

Endurmenntunaráætlun næsta skólaárs, sjálfsmatskýrsla og þróunaráætlun.





## Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérfræðipjónustu, skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Nemendaverndarráð fundar 1. og 3ja miðvikudag hvers mánaðar. Halda skal fund í nemendaverndarráði ef að minnsta kosti tveir fulltrúar í ráðinu óska þess. Fundir ráðsins eru boðaðir með dagskrá og færðir til bókar.

Í nemendaverndarráði Grunnskóla Grindavíkur eiga sæti skólastjóri, námsráðgjafi, fulltrúi skólaheilsugæslu, skólasálfræðingur og fulltrúi félagsþjónustu eftir þörfum.

Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu. Beiðni um slíkt skal berast skriflega, má vera með tölvupósti. Ef um er að ræða beiðni um greiningu skal nota til þess gerð eyðublöð sem fást hjá skólastjóra eða deildastjóra í Hópsskóla.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund deildastjóra, umsjónarkennara og/eða foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu. Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti.

Að jafnaði skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur. Má gera það með tölvupósti eða bréflega.

Fulltrúar nemendaverndarráðs geta fjallað með óformlegum hætti til að ræða um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málinu til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar. Að öðru leyti vísast í lög og reglugerðir sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.

Skólaárið 2017 – 2018 sitja eftirtaldir í nemendaverndarráði:

Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólastjóri - yfirmaður sérkennslumála,

Guðrún Inga Bragadóttir námsráðgjafi

Kolbrún Jóhannsdóttir skólahjúkrunarfræðingur

Ingibjörg María Guðmundsdóttir skólafulltrúi

## HELSTU UMBÓTAVERKEFNI

2017 – 2018

Hér á eftir er stutt kynning á helstu umbóta- og þróunarverkefnum vetrarins. Þróunaráætlun 2014-2017 og áætlun um innra mat eru birtar í skólanámskrá.

### Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk nálgun til læsiskennslu barna í 1. og 2. bekk og byggir á aðferðum sem rannsóknir hafa leitt í ljós að skila árangri í læsirnami barna. Í Byrjendalæsi er unnið með tal, hlustun, lestur og ritun og eru þessi atriði felld í eina heild undir hatt læsis. Ásamt því að tengja inn í ferlið þætti eins og hljóðvitun, réttiritun, skrift, orðaforða og lesskilning. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á sinni skólagöngu. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því lögð áhersla á samvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Byrjendalæsisverkefnið er tveggja ára þróunarverkefni undir stjórn Maríu Eirar Magnúsdóttur, umsjónarkennara.

### Skólamenning

Vanda Sigurgeirsdóttur hefur frá vorinu 2014 unnið með nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans að þáttum er varðar samskipti og skólamenningu. Markmiðið er að bæta samskipti og búa til, og viðhalda, jákvæðum skólabrag þannig að menning skólans byggist upp á góðum samskiptum. Fjallað er um jákvæða leiðtoga meðal nemenda og starfsfólks. Einnig kennir hún starfsfólki aðferðir sem stuðla að jákvæðum skólabrag. Í vetur verða sérstök námskeið fyrir umsjónarkennara þar sem skiptist á fræðsla og verkleg þjálfun er varðar samskipti nemenda. Auk þess verður Vanda með fræðsluerindi í september fyrir foreldra 1. og 4. bekkinga.

Skólinn setti sér það markmið að fá Grænfánann vorið 2016 og var hann afhentur á vorhátíð í júní síðast liðnum. Í vetur mun nýstofnuð umhverfisnefnd skipuð fulltrúum nemenda, starfsmanna og foreldra taka við verkefninu.

Markmið verkefnisins verður meðal annars að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

Reynt verður að tengja útikennslu og umhverfismál inn í sem flestar greinar og almennt í skólastarfið. Verkefni þessu tengd eru til dæmis verkefnið *Hér og nú* sem tengist vellíðan nemenda. Einnig má nefna nýja nestisstefnu skólans auk þess sem einn náttúrufræðitími á viku er ætlaður til útináms ásamt því að námsefni í náttúrufræði verður í þróun fyrir alla árganga skólans.

## Teymiskennsla

Í vetur verður haldið áfram að þróa teymiskennslu í Grunnskóla Grindavíkur. Þátttakendur í verkefninu eru umsjónarkennarar í 1. og 2. bekk. Ráðgjafi er Þórhildur Helga Þorleifsdóttir sem hefur mikla reynslu af teymiskennslu. Helstu markmið verkefnisins eru:

- Að efla lærdómssamfélag í vinnuumhverfinu, metnað, gæði og fagmennsku.
- Að nýta kosti kennarateyma til teymiskennslu.
- Að auka vellíðan nemenda og ánægju í námi.
- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir betur til einstaklingsmiðaðs náms.
- Að byggja á sterkum hliðum nemenda og áhugasviðum þeirra.
- Að skapa heildstæða kennslu þannig að litið verði á hvern árgang sem eina heild.
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.

## Nýjar áherslur í námsmati í Grunnskóla Grindavíkur

Í námsmati verður áfram unnið með lykilhæfnina og meta allir kennarar sem koma að kennslu nemanda lykilhæfni hans. Lykilhæfniþættirnir eru þrautseigja, ábyrgð, samskipti og samvinna, gagnrýnin og skapandi hugsun og tjáning. Í vetur hafa hæfniviðmið í stærðfræði, íslensku, sundi, íþróttum og valgreinum verið sett inn í Mentor og birtist námsmatið í þessum greinum með nýjum hætti. Kennarar meta hvert hæfniviðmið fyrir sig í hverri grein með ýmist orðum eða bókstöfum eftir aldri nemenda og safnast námsmatið inn á hæfnikort nemendans á Mentor. Kennarar sýna og kynna fyrir foreldrum og nemendum þetta breytta fyrirkomulag á samskiptadegi í nóvember.

## Hér og nú

Hér og nú er núvitundarverkefni sem fór af stað síðast liðinn vetur í samvinnu við leikskólann Krók. Verkefnið heldur áfram í vetur í grunnskólanum og verður áfram unnið með 1.-3. bekk líkt og síðast liðinn vetur. Að auki verður unnið með miðstigið 4.-6. bekk á svipuðum nótum, auk þess sem jóga/núvitund er valgrein á elsta stigi. Markmið verkefnisins er að innleiða núvitund á yngsta- og miðstigi. Í vetur verður einnig boðið upp á jóga og núvitund sem valgreinar á elsta stigi. Hugmyndin er að innleiða núvitund með markvissum hætti meðal annars með hugleiðslu, jóga og lífsleikni og tengja við útinám. Kenndar verða núvitundaræfingar sem leið til að róa hugann, minnka streitu, auka einbeitingu og vellíðan bæði nemenda og starfsfólks. Börnum verða gefin tækifæri til að skoða, viðurkenna og tjá tilfinningar sínar sem leið til sjálfstjórnunar. Jóga verður iðkað og gerðar æfingar varðandi öndun og slökun. Kennari er Halldóra Halldórsdóttir.

## Nordens dage

Skólaárið 2017-2018 mun 9. bekkur taka þátt í þróunarverkefni í dönsku, *Nordens dage*. Verkefnið felst í nemendasamskiptum við danska nemendur á netinu. Nemendur munu vinna með samskiptaforritið Hangout en það þekkja þeir frá því í 8. bekk er þeir tóku þátt í samskiptaverkefninu Nordlinien. Undirbúningur og val á viðfangsefni fer fram á námskeiði sem Arna Guðmundsdóttir og Valdís I. Kristinsdóttir dönskukennarar árgangsins, munu sækja í Kaupmannahöfn 24.-26 september n.k. Reynslan af fyrra verkefninu, Nordlinien, gafst svo vel bæði að mati nemenda og kennara að það þótti tilvalið af taka þátt í öðru verkefni þegar tækifæri bauðst. Námskeiðið er kennararnir sækja er kostað af Norrænu ráðherranefndinni.

## Náttúrufræði

Í vetur fer af stað þróunarverkefni í náttúrufræði við Grunnskóla Grindavíkur bæði hvað kennslu og námsefni varðar. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Reykjanes Geopark, sjávarútveg og önnur fyrirtæki í nærumhverfi nemenda. Vonast er til að þetta samstarf muni auka og dýpka skilning nemenda á nærumhverfi sínu og að áhugi þeirra og hæfni í vísindum muni aukast. Lögð verður sérstök áhersla á samvinnu og útinám nemenda. Í upphafi verður lögð áhersla á náttúrufræðikennslu í 8. bekk en fyrirhugað er að verkefnið muni svo ná til allra árganga skólans. Verkefnastjóri þessa þróunarverkefnis er Þórunn Alda Gylfadóttir og mun hún þróa námsefni í náttúrufræði fyrir öll stig skólans sem kennarar muni svo geta valið úr og nýtt sér við kennslu. Þórunn Alda fékk styrk til þessa verkefnis frá Sprotasjóði.



## STOÐPJÓNUSTA

### Skólaskrifstofa Grindavíkur

Skólaskrifstofa Grindavíkur starfar í umboði fræðslunefndar. Helstu verkefni skólaskrifstofunnar byggja á lögum um grunnskóla 91/2008 og leikskóla 90/2008, Skólastefnu Grindavíkurbæjar og fjárhagsáætlun Grindavíkurbæjar á hverjum tíma. Verkefni Skólaskrifstofu taka til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á vegum Grindavíkurbæjar.

Starfsfólk

Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðsluviðs, nmj@grindavik.is

Ingibjörg María Guðmundsdóttir yfirsálfræðingur og kennsluráðgjafi, ingamaria@grindavik.is

Sigurlína Jónasdóttir leikskólaráðgjafi/lestrargreiningar, sigurlina@grindavik.is

Hanna D. Bizouerne, skólasálfræðingur, hannad@grindavik.is

Huldís Franksdóttir sálfræðingur,

Agnes Ósk Steinarsdóttir, talmeinafræðingur

Sérfræðingar skólaskrifstofunnar eru með fasta viðveru í skólanum, báðum starfsstöðum og geta stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk leitað til þeirra með málefni einstakra nemenda, hópa og einnig geta foreldrar leitað til þeirra með milligöngu kennara eða stjórnenda. Í Hópsskóla er Ingibjörg María við fjórða mánudag í mánuði kl. 10:00-12:00 auk tilfallandi verkefna. Sigurlína, Hanna og Agnes Ósk eru í skólanum vegna tilfallandi verkefna. Huldís verður með fasta viðveru hluta úr degi í hverri viku. Á Ásbraut er Ingibjörg María við fyrir hádegi fyrsta, annan og þriðja hvern mánudag í mánuði auk tilfallandi verkefna. Ingibjörg María Guðmundsdóttir er í nemendaverndarráði.

### Skólahjúkrun

Heilsugæsla Grunnskóla Grindavíkur er á vegum heilsugæslustöðvarinnar í Grindavík, Sími: 422-0750. Kolbrún Jóhannsdóttir skólahjúkrunarfræðingur sinnir skólahjúkrun í skólanum í vetur ásamt Guðbjörgu Ingibergsdóttur sjúkraliða.

Viðtalstími Kolbrúnar er á **miðvikudögum og föstudögum á milli kl. 8:30-9:30** – Ásbraut, annar tími eftir samkomulagi.

Viðtalstími Guðbjargar er á **mánudögum á milli kl. 8:30-9:30** – Suðurhóp

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda sitt nám við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólahjúkrunarfræðingar vinna í

náinni samvinnu við forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að skólaborninu.

Skólahjúkrunarfræðingur fylgist með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem reglur segja til um. Ef bráð slys eða veikindi ber að höndum er nauðsynlegt að geta náð sambandi við forráðamenn. Þeir eru því beðnir að sjá til þess að símanúmer heima og á vinnustað séu ávallt til staðar í skólanum. Ef barnið þarf að fara á heilsugæslustöð eða á slysideild þarf forráðamaður að fylgja barninu. Mikilvægt er að láta vita ef barn er með sjúkdóma eins og sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma. Ef barn þarf að taka lyf á skólatíma ber forráðamönnum að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing, þar sem hann skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma.

Lúsin er lífseig og skýtur upp kollinum öðru hverju. Til þess að ráða niðurlögum hennar er nauðsynlegt að láta vita af henni. Verði lúsar vart hjá barni er rétt að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing og leita ráða varðandi meðferð. Hjúkrunarfræðingar halda skrá yfir lúsatilfelli og sjá um að senda tilkynningar til þeirra er málið varðar, til að hægt sé að leita í þeim. Trúnaðar varðandi nöfn er gætt. Forráðamenn eru einnig beðnir að láta þá sem barnið umgengst mest vita. Svipaðar reglur gilda um njálög og kláðamaur. Hjúkrunarfræðing ber að tilkynna landlækni fjölda lúsatilfella við grunnskóla.

### Náms- og starfsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi Grunnskóla Grindavíkur er Guðrún Inga Bragadóttir. Eitt af helstu markmiðum náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda. Náms- og starfsráðgjöf er þjónusta við nemendur þar sem fyllsta trúnaðar er gætt en hafa ber í huga að námsráðgjafa ber skylda til að láta yfirvöld vita ef brotið er í bága við lög. Hjá náms- og starfsráðgjafa geta nemendur og foreldrar talað í einrúmi um sín mál sem geta verið persónuleg, félagsleg eða vegna námsörðugleika. Helstu viðfangsefn náms- og starfsráðgjafa eru persónuleg ráðgjöf, ráðgjöf vegna náms, aðstoð við skipulagningu náms, umsjón með náms- og starfsfræðslu, hóparáðgjöf, kvíðanámskeið og sjálfstyrkingarnámskeið. Náms- og starfsráðgjafi hefur umson með vinnustaðavali og heldur utan um nemendafulltrúaráð.

### Eineltisteymi – eineltisáætlun

Eineltisáætlun skólans er yfirfarin og uppfærð á hverju skólaári og er á heimasíðu skólans. Á síðasta skólaári lagði eineltisteymið sem skipað er þeim Garðari Vignissyni, Ágústu Jónsdóttur og Stefaníu Ólafsdóttur mikla vinnu í að endurvinnna og gera aðgengilegri allar upplýsingar á heimasíðu skólans er varða forvarnir og viðbrögð gegn einelti. Við leggjum áherslu á forvarnarvinnu í öllum árgöngum og að foreldrar komi strax að lausn mála um leið og þau eru tilkynnt til eineltisteymisins.





## STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

### Stuðningskennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Með fjölbreyttum stuðningi í Grunnskóla Grindavíkur er komið til móts við þetta hlutverk skólans og námið gert sem skilvirkast.

Sérstök áhersla er á lestrarkennslu, íslensku, stærðfræði og félagsfærni.

Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir alla sem þurfa sértæka kennslu og tekið er mið af greiningum sérfræðinga og greinandi skimunarprófum. Einnig er mikilvægt að fá ábendingar frá þeim aðilum sem komið hafa að barninu svo sem leikskólakennara, talmeinafræðingi, kennara, deildarstjóra og foreldrum. Einstaklingsáætlanir eru yfirfarnar með foreldrum og nemendum því mikilvægt er að allir aðilar geti sett fram sínar skoðanir, athugasemdir og ábendingar varðandi markmið og tilhögun kennslunnar. Fram kemur í einstaklingsáætlun hvernig námsmat fer fram og í kjölfar námsmats er staða nemandans metin og skoðað hvort þörf sé fyrir áframhaldandi stuðning.

Kennslan fer ýmist fram inni í bekk viðkomandi, einstaklingslega eða í smærri hópum eftir því sem best þykir hverju sinni. Einnig er um að ræða stuðning í verklegum tímum og íþróttatímum. Stundum er um styttri námskeið að ræða en í lok hvers námskeiðs er þörfin á áframhaldandi stuðningi metin.

Deildarstjórar stiga bera ábyrgð á hverju stigi fyrir sig. Umsjónarkennari ber ábyrgð á nemendum með sértækar námsþarfir eins og öðrum nemendum í bekknum. Við stuðningskennslu starfa fjórir kennarar með sérnám í sérkennslufræðum, grunnskólakennarar og þroskaþjálfari. Einnig starfa við skólann 26 stuðningsfulltrúar sem sinna aðstoð við nemendur inni í kennslustofum og/eða í frímínútum.

Gott samstarf heimilis og skóla er afar mikilvægt, sérstaklega fyrir þau börn sem njóta sérstuðnings.

## Nýbúakennsla

Skipulag íslensku sem annars tungumáls tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda á hverju stigi, það er í 1.-3. bekk og 4.-10. bekk. Skólastjóri hefur yfirumsjón með stuðningi við nemendur, en deildarstjórar á hverju stigi fyrir sig skipuleggja nýbúakennsluna í samráði við umsjónarkennara, Kristín Eyþórsdóttir, Kristín Gísladóttir, Sigríður Fjóla Benónýsdóttir og Sigurveig M. Ölundardóttir sinna nýbúakennslunni auk Sylwiu Ostrowska stuðningsfulltrúa. Misjafnt er hversu marga tíma nemendur með íslensku sem annað tungumál þurfa og úr hvaða tímum þeir eru teknir til að sinna þessum þætti. Að öðru leyti fylgir nemandinn sínum bekk.

## Art

Í skólanum er hluti sérkennslutíma nýttur í **ART** – þjálfun bæði fyrir einstaklinga og hópa. Art er kennt í smiðjum í 2. bekk.

**ART** stendur fyrir Aggression Replacement Training og er fast mótað uppeldis þjálfunar módel. ART kemur upphaflega frá USA og eru höfundar þessa módelis þeir Arnold Goldstein, Barry Glick og John C. Gibbs. Þeir byggja ART-þjálfunina á ólíkum straumum og stefnum úr sálfræðinni. Þjálfunin felst í því að kenna leiðir til að leysa samskiptavanda (félagsfærni), tilfinningavanda (siðfræðileg rökfærsla) og hegðunavanda (sjálfstjórn). ART þjálfun hentar nemendum á öllum aldri. ART færniþjálfun hjálpar einstaklingum að læra leiðir til að eiga samskipti á þann hátt sem virka fyrir hann, bæði við fullorðna og jafnaldra. Með því að þjálfna færni í gegnum sýnikennslu og hlutverkaleik og búa til líklegar aðstæður í mismunandi umhverfi er einstaklingum gefnir meiri möguleikar á að nota færnina.

Nemendur sem eru í ART þjálfun fá þrjár kennslustundir á viku, eina í félagsfærni, eina í sjálfstjórn og eina í siðfræðilegri rökfærslu.

Í skólanum eru eftirtaldir starfsmenn ART þjálfar: Ágústa Jónsdóttir, Ásrún Kristinsdóttir, Bryndís Hauksdóttir, Garðar P. Vignisson, María Eir Magnúsdóttir, Petrína Baldursdóttir, Svava Agnarsdóttir og Þuríður Gísladóttir.

## PMTO

Í samvinnu við Skólalþjónustuna er boðið upp á PMTO foreldrafærni (Parent management Training, Oregon Model) fyrir þá einstaklinga sem talið er að þess þurfi. Markmiðið er að bæta hegðun og samskipti barna og efla foreldra í hlutverki sínu. Grunnskólinn býður upp á stuðning við fjölskyldur sem hafa farið á námskeið í þessum aðferðum og eru að vinna með þær á heimilinu.



## ÁÆTLANIR

### **Símenntunaráætlun Grunnskóla Grindavíkur 2017 – 2018**

#### **Uppeldi til ábyrgðar – Uppbyggingarstefnan**

Uppeldisstefna Grunnskóla Grindavíkur er Uppeldi til ábyrgðar. Á hverju ári er boðið upp á námskeið í uppbyggingarstefnunni til að auka færni starfsmanna að vinna með þessar aðferðir. Verkefnateymi uppbyggingar starfar í skólanum, hlutverk þess er að vera leiðandi í starfinu, setja upp áætlanir, koma með tillögur um hvaða skref á að taka og hvenær og setja fram hugmyndir að námskeiðum. Verkefnateymið fór á námskeið til Boston í nóvember 2016 og í apríl 2017 fóru nær allir starfsmenn skólans í náms- og kynnisferð til Toronto þar sem lögð var áhersla á að skoða skóla og fræðast um uppbyggingastefnuna. Verkefnateymið verður með fræðslu í vetur á deildarfundum.

#### **Tölvur í námi og kennslu**

Allir kennarar skólans hafa spjaldtölvu eða fartölvu til afnota. Áfram er unnið að innleiðingu þessara tækja í kennslunni. Námskeið verða haldin á skólaárinu í samvinnu við Epli á Íslandi til að styðja áfram við kennara í notkun tækninnar.

#### **Samskipti – jákvæður skólabragur**

Vanda Sigurgeirsdóttir verður með námskeið í vetur fyrir umsjónarkennara. Vanda fræðir einnig foreldra í 1. og 4. bekk og ræðir við nemendur í 4. bekk um samskipti og einelti árlega að hausti.

*Hér og nú* –núvitund er leið til að efla tilfinningalegt jafnvægi, jákvæða hegðun, vellíðan nemenda og starfsfólks. Námskeið þessu tengd verða haldin þar sem meðal annars verða kenndar núvitundaræfingar sem leið til að róa hugann, minnka streitu og auka einbeitingu nemenda og starfsfólks.

Starfsfólk skólans fer reglulega á námskeið í Uppbyggingarstefnunni. Einnig eru haldnir fyrirlestrar fyrir smærri hópa á starfstíma skóla.

## Námsmat

Á þessu skólaári verður áhersla lögð á hæfniviðmið. Auk þess verður unnið að samfellu í greinanámskrám. Vinna fer fram á starfsdögum, einnig jafnt og þétt yfir skólaárið í verkefnahópum. Fyrirlestrar verða haldnir fyrir kennarahópinn þar sem fengnir verða sérfræðingar á ýmsum sviðum námsmats. Í vetur munu kennarar halda áfram að æfa sig í notkun nýju uppfærslunnar í Mentor og haldnir verða reglulegir fundir og kynningar um notkun þess. Lögð verður áhersla á að útbúa hæfniviðmið í öllum fögum sem kennd eru við skólann svo hægt sé að nota Mentor í hinu nýja námsmati. Aðstoðarskólustjóri og deildarstjórar allra stiga hafa sótt sérfræðinganámskeið í Mentor og koma til með að stýra þeirri vinnu. Umhverfi hins nýja námsmats verður kynnt foreldrum í viðtölum á samskiptadegi 9. nóvember næst komandi.

## Lestur og lestrarkennsla, Byrjendalæsi, PALS, Orð af orði,

Kennarar vinna samkvæmt lestrarstefnu skólans. Allir kennarar á yngsta stigi sækja námsekið og fræðslufundi varðandi Byrjendalæsi á næstu tveimur árum. Auk þess sem vinnufundir eru haldnir reglulega. Kennarar munu sækja námskeið í PALS en það hefur verið notað í Grunnskóla Grindavíkur frá árinu 2012. Einnig er aðferðin „Orð af orði“ í stöðugri þróun.

## Frjálst val

starfsmönnum stendur til boða að sækja námskeið sem boðið er upp á á vegum Grindavíkurbæjar – til dæmis skyndihjálparnámskeið. Stefnt er að því að setja upp skyndihjálparnámskeið annað hvert ár fyrir allt starfsfólk GG. Starfsmönnum stendur einnig til boða að velja verkefni í anda einstaklingsmiðaðrar símenntunar. Reynt er að bregðast við óskum starfsfólks um námskeið og kynningar fyrir minni eða stærri hópa, eins og unnt er og er starfsfólk hvatt til að koma óskum sínum á framfæri við stjórnendur.

## Teymiskennsla

Þórhildur Helga Þorleifsdóttir kemur til með að vinna með kennurum í 1. og 2. bekk að heildarskipulagi kennsluhátta sem miða að samvinnu kennara og samfellu í námi nemenda. Kennarar gera skipulag sem á að henta hverjum og einum nemanda með það að markmiði að sinna þörfum sem flestra nemenda innan kennslustofunnar. Lögð verður áhersla á að byggja á sterkum hliðum hvers einstaklings. Þátttaka í þessu verkefni er metin til símenntunar.

### Viðbragðsáætlun fyrir Grunnskóla Grindavíkur

Viðbragðsáætlun fyrir Grunnskóla Grindavíkur er unnin í samræmi við áætlun Almannavarna og Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu. Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra nemenda og starfsmanna ef hættuástand kemur upp svo sem bruni, slys, jarðskjálfti, fárviðri, sjávarflóð og inflúensufaraldur. Viðbragðsáætlun almannavarna er að finna á heimasíðunni undir skólanámskrá.

### Kennsluáætlanir

Á hverju hausti eru unnar kennsluáætlanir með upplýsingum um nám og kennslu hvers árgangs. Kennsluáætlanirnar eru hluti af starfsáætlun og eru birtar foreldrum á Mentor og á heimasíðu skólans undir áætlanir.

### Eineltisáætlun

Áætlunin var endurskoðuð veturinn 2016-2017 og er hluti af skólanámskrá grunnskólans.

### Innra mat

Greiningartæki grunnskólans er Gæðagreinar 2. Þeir þættir sem skoðaðir verða á skólaárinu 2017-2018 eru eftirfarandi:

*Haust 2017 – Mat í þágu náms/leiðsagnarmat; og Kennsla sem leiðir til árangursríks náms.*

*Vor 2018 – Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð; og Sýn, gildi og markmið. Jafnframt verður fimm ára áætlun Grunnskóla Grindavíkur endurskoðuð á yfirstandandi skólaári.*

Þeir þættir sem skoðaðir voru á síðastliðnu skólaári voru *Námsreynsla nemenda; Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri - Umhyggja, velferð og þroski nemenda* Niðurstöður verða birtar í skýrslu um innra mat 2016-2017.

Auk Gæðagreina 2 notast Grunnskóli Grindavíkur við önnur matstæki við innra mat eins og *sjálfsmat starfsmanna á vordögum (annað hvert ár), árleg starfsmannasamtöl, endurskoðun skólanámsskrár og námsmats, Skólalæping og Morgunskraf stjórnenda við foreldra.*